

## Verkfall Eflingar hjá hópþifreiðafyrirtækjum 2019

til hverra nær verkfall? / hverjir mega vinna?

- Verkfall nær til félagsmanna þess stéttarfélags sem boðar verkfall, ekki annarra, sbr. m.a. dóma Félagsdóms í málum nr. 8/1944, 4/1987 og 11/1997.
- Félagsmenn í öðrum stéttarfélögum eiga að sinna störfum sínum eins og áður.
- Verkfall nær ekki til starfa eða starfsgreina, einungis þeirra félagsmanna sem sinna tilteknum störfum og verkfallsboðun nær til.
- Verkfall nær ekki til félagsmanna sem starfa utan félagssvæðis Eflingar.
- Óheimilt er skv. 18. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur að fá einstaklinga í öðrum stéttarfélögum eða samböndum sem að vinnustöðvun standa til að ganga í störf verkfallsmanna.
- Stéttarfélagi eða „verkfallsvörðum“ á vegum þess er óheimilt að stöðva skipulagðar ferðir hópþifreiðafyrirtækja sem verkfallsboðun nær ekki til, sbr. m.a. dóm Félagsdóms í máli nr. 11/1997.
- „Verkfallsvörðum“ er óheimilt að hafa uppi réttarvörslu, t.d. stöðva akstur þifreiða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 55/1963 þar sem staðfest var lögbann á aðgerðir „verkfallsvarða“.
- Stéttarfélag er skaðabótaskyldt ef það kemur í veg fyrir að farþegar geti komist leiðar sinnar í ferðir sem heimilt er að fara, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 287/1989 og 3/1992.
- Stjórnendum er heimilt að ganga í störf starfsmanna í verkfalli, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 151/1985, 287/1989 og 3/1992. Sjá nánar umfjöllun á vef SA.

<https://sa.vinumarkadur.is/kjarasamningar/verkfoll-2019>